

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Höfn



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	5.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Ágúst Þorvaldsson	Staðsetning	684509,411 421611,985

Niðurstaða eftirlits

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirlitinu en ein ábending var sett fram um að bæta þurfi skráningar í rekstrarhandbók.

Umfang eftirlits

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða olíubirgðastöð Olíudreifingar að Krosseyjarvegi 6, Höfn í Hornafirði. Heimilt er að geyma í stöðinni alls 2.722 m³ af olíuefnum og þar af í stærsta geymi allt að 2.300 m³ og allt að 925 m³ af bensíni. Gegnumstreymi bensíns skal vera minna en 5.000 t á ári. Einnig er heimilt að móttaka allt að 150 t af úrgangsolíu á ári. Starfsleyfið gildir til 31. janúar 2034.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2020, en ein ábending var sett fram um umgengni á lóð. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti aðrar en að 60 m³ (50/10), liggjandi stálgeymir, merktur 780.07.00, hefur verið settur í stöðina og verður tekinn í notkun undir úrgangsolíu. Kemur geymirinn frá aflagðri stöð á Húsavík og var hann síðast þykktarmældur árið 2021. Samþykkt byggingafulltrúa vegna framkvæmdarinnar liggur fyrir. Umfang stöðvarinnar er álíka og verið hefur.

Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Fimm geymar eru í stöðinni við Krosseyjarveg, í tveimur lekaþróum. Geymir nr. 780.05.00, sem stendur við Ósland, hefur verið seldur til Skinney Þinganes á Höfn. Allir geymar hafa verið þykktarmældir á síðustu 10 árum skv. gr. 4.2 í starfsleyfi, en mæla skal næst geymi merktan 780.01.00 árið 2024. Fjórar lagnir eru í stöðinni, en tvær þeirra, merktar 780.75.00 og 780.70.00 eru lagnir tengdar Skinney Þinganes og hafa verið aflagðar. Hinar tvær lagnirnar voru þrýstiprófaðar árið 2019 og stóðust þær prófið. Minnt er á að þrýstiprófa skal lagnirnar næst árið 2024. Tvær skiljur eru í stöðinni og eru þær þjónustaðar reglulega. Olíupróf með Macherey-Nagel strimlum var gert á frárennsli úr báðum olíuskiljum skv. gr. 4.2 í starfsleyfi, er eftirlitið fór fram og kom engin olía fram á þeim prófunum. Voru skiljurnar tæmdar síðast í september sl. Sjálfvirkur loki er á skiljum en vatnsuppspretta er innan þróar.

Olíublautum tuskum og öðrum úrgangi er safnað í spilliefnakar sem síðan er sótt af Hringrás, eftir þörfum.

Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð í starfsstöðinni og ábending sett fram um að bæta þurfi skráningarnar og þá sérstaklega varðandi mælingar og þjónustu við olíuskilju.

Allar áætlanir sem skulu vera til staðar skv. starfsleyfi, voru uppfærðar og aðgengilegar í stöðinni, ýmist inni í rafrænum gagnagrunni eða útprentaðar í möppu. Teikningar af stöðinni voru sýnilegar uppi á vegg og starfsleyfið

til staðar.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Gengið var um stöðina, þrær og geymar voru skoðaðir. Girðing er um stöðina og er hún heil og í góðu lagi, hlið stendur læst þegar stöðin er ómönnuð. Tekið hefur verið til á lóðinni frá því að síðasta eftirlit fór fram og er stöðin snyrtileg á að líta. Umsjónarmaður sinnir daglegu eftirliti með stöðinni.

Ábendingar

Ábending er sett fram um að bæta þurfi skráningar á mánaðarblöð rekstrarhandbókar og þá sérstaklega mælingar og þjónustu við olíuskilju.


Annað

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin óhöpp hafa orðið.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin.

Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Reykjavík, 17.11.2023



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta

